

Við sama tækifæri eruð þér, samkvæmt tilmælum aðal-skattastjórnarinnar, beðnir að senda hingað skýrslu handa aðal-skipamælinga- og skrásetningarskrifstofunni hér í borginni um það, er dönsk skip brotna eða farast á annan hátt í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, eða þau eru seld þar Íslendingum eða til útlanda.

1869.
27. oktbr.

86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um framfærsluhrepp sveitarómaga. 12. nóvbr.

Í bréfi dagsettu 13. ágústmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, borið undir dómsmálastjórnina til úrslita ágreining, sem orðið hefir milli sýslumannsins í Norðurmúlasýslu og sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um það, í hvaða hrepp drengirnir Guðmundur og Arnbjörn Arnbjarnarsynir, sem eru getnir í lögmaðu hjónabandi, sè sveitlægir.

Upplýsingar þær, sem fram eru komnar í málinu, bera með sèr, að faðir barna þessara, Arnbjörn Sigmundarson, átti, þegar hann sálaðist í júnímánudi 1860, framfærslurétt á Breiðdals hrepp í Suðurmúlasýslu, og að móðir þeirra, Guðný Erlendsdóttir, giptist aptur í októbermánuði 1865 Birni Einarsyni, vinnumanni, sem á sveit á Seyðisfjarðar hrepp í Norðurmúlasýslu, og þar var tekið við honum til framfærslu árið 1867, ásamt konu hans og börnum hennar úr fyrra hjónabandi. En nú, er Guðný Erlendsdóttir er sáluð, hefir orðið ágreiningur um, hvort framfærsluhreppur stjúp föðursins, þar sem móðirin þess vegna einnig var sveitlæg, þegar hún dó, eigi framvegis að færa tæð börn fram, þangað til að þau eru orðin fullra 16 ára, eða hvort sveit sú, þar sem faðir þeirra átti framfærslurétt, þegar hann dó, eigi að taka við þeim til framfærslu.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að með því að ekki er nein ákvörðun í íslenskum lögum um, að stjúp föðurnum

1869.
12 nóvbr.

sè skylt eptir lát móðurinnar að standa straum af stjúp börnum sínum, eiga Guðmundur og Arnbjörn Arnbjarnarsynir samkvæmt ákvörðuninni í síðasta kafla 6. greinar í reglugjörd 8. janúarmán. 1834 að fá framfærslu, þangað til þeir eru orðnir fullra 16 ára, á Breiðdals hrepp í Sudurmúlasýslu, þar sem faðir þeirra, eptir því sem skýrt er frá, átti framfærslurätt, þegar hann dó.

4. desbr.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk handa praktiserandi lækni í Árnessýslu.

Með bréfi dagsettu 8. októbermán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskjal frá Ólafi Sigvaldasyni, kándídat í læknisfræði, sem ætlar að setjast að á Eyrarbakka kaптúni í Árnessýslu sem praktiserandi læknir, um að honum verði veittur styrkur sá úr íslenzka læknasjóðnum, sem mælt er fyrir um í konungsúrskurði 10. maímán. 1867. Hafið þér lagt fram með, að beiðandanum verði veittur styrkur þessi sem praktiserandi lækni í Árnessýslu fyrst um sinn, frá 1. degi nóvembermán. þ. á. og þangað til að 5 kándídatar í læknisfræði hafa setzt að samkvæmt tæðum konungsúrskurði 10. maímán. 1867 í þeim hëruðum landsins, þar sem ætla má, að meiri þörf sè á læknishjálp en í Árnessýslu, og móti því, að honum sè gjört að skyldu, á meðan hann heldur þessum styrk, að gegna embættisstörfum þeim, er hvíla á hëraðslækninum, að því er greinda sýslu snertir, svo framarlega sem hëraðslæknirinn veitir samþykki sitt til þess, og fyrir borgun þá fyrir slík störf, sem hëraðslækninum ber.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að það, sem um er sókt, verður ekki veitt, af því að það er gagnstæðilegt því, sem ætlast var til með framan nefndum konungsúrskurði 10. maímán. 1867.